

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Rjúpnahæð vesturhluti, Austurkór 76-92, breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 16. febrúar 2009 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Austurkór 76-92.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 8. apríl 2009.

Smári Smáráson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2009